

Rannsóknir á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi árið 2009

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf




Forsíðumynd: Ós Laxár í Skefilsstaðahreppi.

Myndataka: Eik Elfarsdóttir

Rannsóknir á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi árið 2009

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson

Mars 2010



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Inngangur og aðferðir

Rafveitt var í Laxá í Skefilsstaðahreppi 25. ágúst 2009, þær veiðar eru liður í árlegri seiðarannsókn í ánni. Með því fæst yfirlit yfir styrkleika seiðaárganga árinna, útbreiðslu, afkomu þeirra og vöxt sem notað er til að leggja mat á heildarástand fiskistofna árinna. Frá árinu 1983 hafa slíkar rannsóknir verið framkvæmdar á nánast hverju hausti á sambærilegan hátt.

Rafveitt er víðsvegar um ána til að fá sem besta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins og eru veiðistaðirnir valdir með það fyrir augum að vera einkennandi fyrir hvern árkafla. Rafveitt hefur verið á sömu níu stöðunum í allnokkur ár. Efsti rafveiðistaðurinn er við Bakdalsá en sá neðsti rétt ofan Sævarlands, einnig er veitt á einum stað á fiskgenga hluta Grímsár. Rafveiðistaðirnir voru 168 – 306 m² að stærð, veiðisvæðin voru minni þar sem meira var af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað.

Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðisvæðisins. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu seiðabéttleika en ekki heildarþéttleika: *þéttleiki* = $(\text{fjöldi seiða/stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ (töflur 1 – 3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Meðallengd og -þyngd allra laxaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (töflur 4 – 6). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxaseiðanna á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $\text{lífþyngd á } 100 m^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 m^2$ (tafla 7).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi var tekinn saman fyrir árin 2001 – 2009 (töflur 8 – 13). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt, óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: *þéttleiki árinna* = *þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman / fjölda stöðva* (töflur 8 – 10).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: *þéttleiki árinna* = *(heildarfjöldi veiddra seiða í ánni / heildarflatarmál veiðisvæðis m²)*100m²* (töflur 11 – 13). Í niðurstöðum og umræðum um þéttleika seiða í Laxá eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, -þyngd og -ástandsstuðla allra árganga laxaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2009 (töflur 14 - 16). Ekki voru öll seiði vigtuð árin 2001, 2003 og 2005, en meðalþyngd og meðalástandsstuðull var aðeins reiknaður fyrir vigtuð seiði. Sömuleiðis var vísitala lífþyngdar tekin saman fyrir sama árabíl (tafla 17).

Niðurstöður

Nokkru neðan við Bakdalsá var efsta rafveiðistöðin í Laxá (staður 2, mynd 1). Þar fannst mesti þéttleiki laxaseiða í ánni að þessu sinni, mjög mikið var þar af bæði vorgömlum og eins árs seiðum auk þess sem tveggja ára seiði fundust (tafla 1, mynd 2a). Þéttleiki seiða á þessum stað hefur smám saman aukist undanfarin ár en í rannsóknunum árin 2003 og 2004 veiddust engin seiði svo ofarlega í ánni og fá seiði af eldri árgöngum veiddust árin þar á undan.

Veitt var nokkru ofan Ambáttarár, á sama stað og 2008 en þá var veiðistaðurinn færður örlítið ofar vegna breyttra veiðiskilyrða á upphaflega staðnum (staður 3, mynd 1). Þarna veiddist nú töluvert af bæði vorgömlum og eins árs laxaseiðum en einnig varð vart við tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a).

Rafveiðistaður 4 var rétt ofan Engjalækjar (mynd 1), þar fannst nokkuð af eins árs laxaseiðum en minna af bæði vorgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a).

Haustið 2008 var mjög mikill þéttleiki vorgamalla seiða á þessum stað (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST/08039).

Við Illugastaði var veiðistaður 5 (mynd 1) og reyndist þar vera töluverður þéttleiki eins árs laxaseiða, þar var einnig nokkuð af tveggja ára seiðum auk þess sem vart varð við þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 2b). Engin vorgömul laxaseiði sáu hinsvegar á staðnum að þessu sinni.

Á rafveiðistað 6, neðan við Herjólfsstaðabrúna (mynd 1) veiddust þrjú árgangar laxaseiða, þéttleiki ársgamalla seiða var mjög mikill en mun minna fannst af bæði vorgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Eitt eins árs urriðaseiði veiddist einnig á þessum stað (tafla 3, mynd 4).

Á Skíðastaðaeyrunum hefur áin verið að breyta sér nokkuð en rafveitt var á sambærilegum stað og áður (staður 6a, mynd 1). Þar var nokkuð um vorgömul laxaseiði, þéttleiki eins árs seiðanna var langmestur, eins og víðast um vatnakerfið, auk þess sem vart varð við tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 2b). Hvorki veiddust bleikju- né urriðaseiði.

Veitt var neðan við foss í Grímsá (stöð 7, mynd 1) og fundust þar eins-, tveggja- og þriggja ára laxaseiði að þessu sinni. Mest var af eins árs seiðunum en minnst af þeim elstu (tafla 1, mynd 2c). Einnig veiddust eins árs bleikjuseiði í Grímsá auk eins- og tveggja ára urriðaseiða (töflur 2 og 3, myndir 3 og 4).

Neðan Skíðastaðabráarinnar (staður 8, mynd 1) veiddist mikið af vorgömlum laxaseiðum og nokkuð af eins árs seiðum en engir eldri árgangar (tafla 1, mynd 2c). Vorgömul bleikjuseiði reyndust einnig vera á þessu svæði (tafla 2, mynd 3).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Laxá í Skefilsstaðahreppi var nokkru ofan Sævarlands (staður 9, mynd 1). Á þessum stað veiddust þrjú árgangar laxaseiða, mest var af eins árs seiðum, en einnig töluvert af vorgömlum og tveggja ára (tafla 1, mynd 2c). Vorgömul bleikjuseiði fundust auk vorgamalla og eins árs urriðaseiða en þéttleiki þeirra var ekki mjög mikill (töflur 2 og 3, myndir 3 og 4).

Laxaseiði í Laxá í Skefilsstaðahreppi hafa vaxið nokkuð vel undanfarin ár og allir árgangar sem veiddust í ánni við meðallag ef frá eru skilin vorgömlu seiðin sem voru heldur smávaxin (töflur 4, 5, 14 og 15). Ástand þeirra eða holdarfar var einnig í meðallagi og þá sér í lagi eldri árganganna (töflur 5 og 16).

Heildarþéttleiki laxaseiða var mjög mikill í ánni, en þó aðeins minni en haustið 2008 þegar þar sást mesti þéttleiki frá upphafi rannsókna. Mestur var þéttleiki eins árs seiða en einnig var töluvert magn vorgamalla seiða að finna í ánni (tafla 8). Langmestur heildarþéttleiki laxaseiða reyndist vera á efstu stöðinni að þessu sinni en þéttleiki var töluverður á flestum stöðvunum, minnstur þó í Grímsá (tafla 1). Þéttleiki bleikjuseiða var nokkuð minni en undanfarin ár og sömu sögu var að segja um urriðaseiðin (töflur 9 og 10). Lífþyngd laxaseiða var, eins og þéttleikinn, mest á efstu stöðinni þar sem mesta lífþyngd eins árs seiða var að finna (tafla 7). Lífþyngd vorgamalla seiða var mest á stað 8, en lífþyngd tveggja- og þriggja ára seiða á stöð 7, í Grímsá (tafla 7). Heildarlífþyngd árinna var nokkuð minni en haustið 2008 og munar þar mestu um minna magn eldri seiða, sem vega mest í slíkum útreikningum vegna stærðar sinnar. Ef horft er aftur til ársins 2001 var lífþyngdin haustið 2009 þó vel yfir meðallagi (tafla 17).

Umræður

Laxá í Skefilsstaðahreppi var lokað fyrir veiði sumrin 2000 - 2008, að sumrinu 2006 undanskildu en þá var mjög takmörkuð veiði leyfð. Sumarið 2009 var aftur opnað fyrir veiði í ánni en hún var þó takmörkuð við 2 stangir á dag í 32 daga og sleppa átti öllum löxum, auk þess var hámarksveiði á stöng 5 laxar á dag. Þegar þessi orð eru rituð höfðu 48 leyfi af 64 skilað sér til formanns veiðifélagsins og á þau var skráð veiði 48 laxa en hugsanlega veiddust nokkrir laxar í viðbót á þau leyfi sem ekki voru komin inn.

Ástand laxaseiðastofna Laxár hefur batnað verulega undanfarin ár og heildarþéttleiki seiða í ánni ekki verið jafn mikill frá upphafi rannsókna í ánni og hann var síðustu fjögur ár og þá sér í lagi 2008 og 2009. Haustið 2007 hefur hrygning tekist

einstaklega vel í ánni og sá árgangur hefur skilað sér mjög vel milli ára í ánni. Hans varð fyrst vart haustið 2008 sem stærsta árgangs vorgamalla seiða sem sést hefur í rannsóknum í ánni og haustið 2009 sló hann einnig þéttleikamet eins árs seiða svo um munar. Eins árs seiðin var að finna á öllum rafveiðistöðunum í vatnakerfinu haustið 2009 og í allgóðum þéttleika á öllum stöðum. Árgangur tveggja ára seiða var einnig vel dreifður um vatnasvæðið og fannst á öllum stöðum nema við Skíðastaðabrúna en sá staður hentar best yngri árgöngum seiða sem leita þá inn á önnur svæði þegar þau eldast. Í heildina var árgangur tveggja ára seiða ekki mjög stór miðað við síðustu þrjú ár þar á undan en þó í meðallagi ef litið er til lengri tíma. Ekki fannst mikið af þriggja ára seiðum í ánni og hefur hluti þeirra greinilega gengið til sjávar vorið 2009. Vorgömul seiði fundust á öllum rafveiðistöðunum á fiskgengum hlutum Laxár haustið 2009 nema í Grímsá og við Illugastaði og var þéttleiki þeirra töluerður á flestum stöðunum. Þrátt fyrir að heildarþéttleiki þessa árgangs hafi verið langt frá því sem hann var haustið 2008 reyndist hann vera með því allra mesta sem sést hefur í ánni frá upphafi rannsókna haustið 1983. Því er ljóst að hrygning haustið 2008 hefur tekist nokkuð vel sem og klak úr þeim árgangi eins og árið áður. Það tekur vorgömul seiði alltaf nokkurn tíma að dreifa sér um árnar og ekki alltaf mark takandi á þéttleika þeirra fyrsta árið, oftar er þó meira af þeim til staðar en mælist í rafveiðunum.

Töluerða athygli vekur mikill þéttleiki bæði vorgamalla og eins árs laxaseiða á efstu rafveiðistöðinni í Laxá sem er nokkru neðan Bakdalsár. Á þessu svæði hefur hrygning og afkoma seiða oft á tíðum verið mjög gloppótt en þó aukist örlítið undanfarin ár. Ekki hefur alltaf verið rafveitt svo ofarlega í ánni en þau ár sem rannsóknir hafa farið þar fram hafa aldrei veiðst svo mörg seiði á þessum stað og hvað þá af náttúrulegum uppruna. Þetta er einstaklega stórt skref í uppbyggingu árnar og vonandi að efsti kafli árnar fari að nýtast betur sem uppeldissvæði. Laxar koma almennt aftur sem næst sínum uppeldisstöðvum til hrygningar og nái þau seiði sem þar voru haustið 2009 að dafna vel og ganga til baka í ána að nokkrum árum liðnum sem kynþroska laxar munu þeir leita þarna uppeftir og gætu stuðlað að enn frekari nýliðun á svæðinu. Einnig var góður þéttleiki vorgamalla og eins árs seiða á næst efstu stöðinni. Minna var hinsvegar af vorgömlum seiðum um miðbik árnar, þau gætu þó skilað sér betur í rafveiðum næsta ár, þá eins árs.

Árangur af hrognagreftri á ófiskgengum hlutum í Laxá undanfarin ár hefur verið mjög góður og yfirleitt verið þökkaleg skilyrði til hrognagraftrar. Aðstæður voru hinsvegar afleitar haustið 2008 vegna tíðarfars og ljóst að það geta komið ár sem erfitt er að koma við hrognagreftri. Ekki voru grafín hrogn í ána haustið 2009 en í ljósi góðs árangurs fyrri ára er ástæða til að taka aftur upp þráðinn haustið 2010 og nýta ákjósanleg svæði á ófiskgengum hluta Grímsár.

Laxaseiði hafa vaxið nokkuð misvel undanfarin 10 ár í ám á norðurlandi og eru seiðin í Laxá í Skefilsstaðahreppi þar engin undantekning. Nokkuð mikill vöxtur var árin 2003 – 2005 og fóru þá seiði að ganga til sjávar í meiri mæli vorið sem þau voru þriggja ára en fyrir það fóru þau að mestu út fjögurra ára og hefur það einnig verið svo undanfarin ár. Tveggja ára seiðin sem voru í Laxá haustið 2009 voru hinsvegar mörg hver orðin það stór að nokkur hluti þeirra ætti að ganga til sjávar haustið 2010 ásamt þeim seiðum sem þá verða fjögurra ára og enn voru í ánni. Sú ganga verður með þeim stærri sem sést hafa úr ánni undanfarin 15 ár en þó töluvert minni en þær sem fóru vorin 2008 og 2009. Gangan frá 2008 virðist hafa skilað sér þökkalega í veiði sumarið 2009, en sókn var mjög takmörkuð. Þau seiði sem munu koma til baka sem smálaxar sumarið 2010 voru í nokkuð meiri þéttleika í ánni en gönguárgangur ársins áður og ef heimtur úr hafi verða sæmilegar má búast við svipaðri veiði og 2009.

Að teknu tilliti til árangurs veiða sumarið 2009 og ástands seiðastofna Laxár í Skefilsstaðahreppi leggur Veiðimálastofnun til að veiði verði með sama hætti og sumarið 2009. Að sumarið 2010 verði veiði leyfð í ánni á 2 stangir í 32 daga. Einungis verði veitt á flugu og öllum löxum sleppt aftur í ána auk þess sem hámarksveiði verði 5 laxar á stöng á dag. Veiðimenn geti hinsvegar haldið öllum bleikjum og urriðum sem veiðast á tímabilinu. Ástand laxastofna árinna er enn mjög viðkvæmt þrátt fyrir sterkari stöðu seiða í ánni. Aðstæður í hafi hafa mikil áhrif á það hvernig laxar skila sér aftur í árnar og nauðsynlegt er að hrygning heppnist vel nokkur ár í röð og seiði dafni vel í ánni til að ástandið verði stöðugra. Ætíð verður að gæta þess að veiðifyrirkomulag sé þannig úr garði gert að ekki sé gengið um of á hrygningarstofn árinna og ráðlegt er að fara varlega í veiði enn um sinn í Laxá í Skefilsstaðahreppi.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2009.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 2	182	10,44	23,63	0,55	
Staður 3	168	7,74	16,07	0,60	
Staður 4	216	0,93	7,87	0,46	
Staður 5	230		15,22	1,30	0,43
Staður 6	225	0,44	25,33	0,44	
Staður 6a	243	2,06	15,64	0,41	
Staður 7	306		2,29	1,96	1,63
Staður 8	252	10,32	6,35		
Staður 9	230	6,09	17,83	2,61	

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2009.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 2	182				
Staður 3	168				
Staður 4	216				
Staður 5	230				
Staður 6	225				
Staður 6a	243				
Staður 7	306		1,63		
Staður 8	252	0,79			
Staður 9	230	0,87			

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2009.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 2	182				
Staður 3	168				
Staður 4	216				
Staður 5	230				
Staður 6	225		0,44		
Staður 6a	243				
Staður 7	306		1,31	0,33	
Staður 8	252				
Staður 9	230	0,87	0,43		

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2	3,44	0,19	19	7,22	0,67	43	12,30		1						
Staður 3	3,41	0,22	13	7,31	0,76	27	12,00		1						
Staður 4	3,45	0,35	2	7,44	0,76	17	9,80		1						
Staður 5				6,83	0,54	35	10,07	1,06	3	11,90		1			
Staður 6	3,80		1	6,59	0,66	57	9,50		1						
Staður 6a	4,06	0,43	5	6,65	0,59	38	8,80		1						
Staður 7				6,70	0,55	7	9,65	0,78	6	11,58	0,43	5			
Staður 8	3,65	0,22	26	5,73	0,47	16									
Staður 9	3,83	0,21	14	6,16	0,61	41	8,75	0,49	6						
Heild	3,62	0,29	80	6,74	0,78	281	9,65	1,15	20	11,63	0,41	6			

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2	0,38	0,08	19	4,18	1,23	43	19,10		1						
Staður 3	0,37	0,09	13	4,21	1,23	27	18,20		1						
Staður 4	0,40	0,14	2	4,45	1,32	17	10,00		1						
Staður 5				3,45	0,82	35	11,30	3,83	3	21,00		1			
Staður 6	0,70		1	3,10	0,95	57	9,00		1						
Staður 6a	0,72	0,19	5	3,21	0,82	37	8,60		1						
Staður 7				3,39	0,81	7	10,32	2,41	6	18,00	1,96	5			
Staður 8	0,51	0,12	26	2,08	0,50	16									
Staður 9	0,51	0,09	14	2,44	0,80	41	6,97	0,97	6						
Heild	0,47	0,14	80	3,36	1,19	280	10,13	3,82	20	18,50	2,14	6			

Tafla 6: Meðalástandsstuðlar, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2	0,94	0,12	19	1,09	0,08	43	1,03		1						
Staður 3	0,92	0,12	13	1,06	0,08	27	1,05		1						
Staður 4	0,95	0,05	2	1,05	0,06	17	1,06		1						
Staður 5				1,07	0,09	35	1,08	0,02	3	1,25		1			
Staður 6	1,28		1	1,06	0,08	57	1,05		1			1			
Staður 6a	1,05	0,06	5	1,08	0,06	37	1,26		1						
Staður 7				1,11	0,03	7	1,13	0,03	6	1,16	0,06	5			
Staður 8	1,03	0,10	26	1,09	0,07	16									
Staður 9	0,91	0,10	14	1,01	0,05	41	1,04	0,08	6						
Heild	0,97	0,12	80	1,06	0,08	280	1,08	0,07	20	1,17	0,07	6			

Tafla 7: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2009
Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 2	4,0	98,8	10,5			113,3
Staður 3	2,9	67,6	10,8			81,3
Staður 4	0,4	35,0	4,6			40,0
Staður 5		52,4	14,7	9,1		76,3
Staður 6	0,3	78,6	4,0			82,9
Staður 6a	1,5	50,1	3,5			55,1
Staður 7		7,7	20,2	29,4		57,4
Staður 8	5,3	13,2				18,5
Staður 9	3,1	43,4	18,2			64,7

Tafla 8: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2009, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545		0,07	0,24	0,34	0,11		0,77
2002	9	4143	0,06	0,66		0,15	0,05		0,93
2003	10	5158	5,68	1,90	1,14	0,10		0,99	9,81
2004	9	3206	1,57	1,08	0,34		0,01		3,01
2005	9	3175	2,71	4,01	0,70	0,03			7,44
2006	9	3792	2,22	7,08	1,20	0,17			10,68
2007	9	2359	1,98	3,58	4,49	0,70			10,75
2008	9	2375	17,70	5,07	1,22	1,93	0,02		25,94
2009	9	2052	4,22	14,47	0,93	0,23			19,85

Tafla 9: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2009, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	1,09	0,33	0,02		0,03	1,46
2002	9	4143	0,75	0,73	0,24	0,02		1,75
2003	10	5158	3,50	0,75	0,29	0,12	0,04	4,69
2004	9	3206	0,07	0,06	0,03			0,16
2005	9	3175	1,53		0,03			1,56
2006	9	3792	1,04	0,41	0,26			1,71
2007	9	2359	0,42	0,22	0,16			0,80
2008	9	2375	0,70		0,23			0,92
2009	9	2052	0,18	0,18				0,37

Tafla 10: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2009, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,01	0,03	0,04
2002	9	4143	0,06	0,04	0,05	0,04		0,20
2003	10	5158	0,84	0,31	0,01	0,13		1,29
2004	9	3206			0,06			0,06
2005	9	3175	0,31	0,15	0,10	0,03		0,59
2006	9	3792	0,03	0,19	0,04	0,04		0,29
2007	9	2359	0,98	0,08	0,06			1,12
2008	9	2375	1,20	0,22				1,41
2009	9	2052	0,10	0,24	0,04			0,38

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2009, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545		0,09	0,29	0,33	0,09		0,79
2002	9	4143	0,07	0,60		0,14	0,05		0,87
2003	10	5158	3,63	1,18	0,66	0,08		0,64	6,18
2004	9	3206	1,12	0,87	0,31		0,03		2,34
2005	9	3175	3,21	3,50	0,57	0,03			7,31
2006	9	3792	2,19	6,80	1,03	0,16			10,18
2007	9	2359	2,29	2,97	3,60	0,59			9,45
2008	9	2375	13,56	4,59	1,22	1,77	0,04		21,18
2009	9	2052	3,90	13,69	0,97	0,29			18,86

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2009, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	0,95	0,33	0,02		0,02	1,32
2002	9	4143	0,60	0,65	0,24	0,02		1,52
2003	10	5158	2,20	0,36	0,21	0,17		2,93
2004	9	3206	0,06	0,03	0,03			0,12
2005	9	3175	1,45	0,00	0,03			1,48
2006	9	3792	1,11	0,32	0,24			1,66
2007	9	2359	0,34	0,17	0,13			0,64
2008	9	2375	0,63		0,21			0,84
2009	9	2052	0,19	0,24				0,44

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2009, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,02	0,02	0,04
2002	9	4143	0,07	0,05	0,05	0,05		0,22
2003	10	5158	0,47	0,25	0,02	0,06		0,79
2004	9	3206			0,03			0,03
2005	9	3175	0,25	0,13	0,06	0,03		0,47
2006	9	3792	0,03	0,18	0,03	0,03		0,26
2007	9	2359	0,51	0,08	0,04			0,64
2008	9	2375	0,97	0,17				1,14
2009	9	2052	0,10	0,29	0,05			0,44

Tafla 14: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				5,88	0,64	4	8,48	0,50	13	11,33	1,20	15	13,40	0,95	4
2002	4,57	0,12	3	6,44	0,78	25				11,30	1,23	6	14,75	0,64	2
2003	5,91	0,59	187	8,18	0,54	59	10,15	0,48	20	11,89	0,80	20	12,27*	1,02	12
2004	4,93	0,38	36	8,56	0,97	28	10,35	0,35	10				15,20		1
2005	4,22	0,43	203	7,03	0,82	113	11,86	1,50	25	13,60		1			
2006	2,96	0,40	83	6,03	0,59	258	8,82	0,94	39	10,70	1,33	6			
2007	4,29	0,25	54	6,43	0,61	70	9,12	0,96	85	11,91	1,43	14			
2008	4,07	0,34	322	6,76	0,66	109	9,44	0,63	29	11,94	1,14	42	15,8		1
2009	3,62	0,29	80	6,74	0,78	281	9,65	1,15	20	11,63	0,41	6			

Tafla 15: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**				2,03	0,54	4	6,29	1,12	12	14,01	5,03	9			
2002	0,47	0,06	3	2,49	0,63	25				15,07	5,16	6	34,30		2
2003**	2,46	0,75	49	7,12	2,39	29	11,34	1,26	14	18,79	4,80	18	22,15*	6,38	12
2004	1,36	0,33	36	7,76	2,67	28	12,91	1,23	10				43,80		1
2005**	0,79	0,28	169	3,80	1,49	112	20,67	8,58	25	29,30		1			
2006	0,28		83	2,42	0,74	258	7,75	2,95	39	14,93	5,48	6			
2007	0,86	0,19	54	2,97	0,89	70	8,51	2,92	85	20,49	8,32	14			
2008	0,73	0,19	322	3,44	1,03	109	9,45	1,93	29	19,80	6,44	42	55,1		1
2009	0,47	0,14	80	3,36	1,19	280	10,13	3,82	20	18,50	2,14	6			

** Aðeins var hluti seiðanna vigtaður árin 2001, 2003 og 2005 en meðalþyngd og ástandsstuðlar eru aðeins reiknaðir út frá vigtuðum seiðum.

*** 2006 voru fá vorgömul seiði einstaklingsvigtuð og aðeins reiknaðir út ástandsstuðlar fyrir þau.

Tafla 16: Meðalástandsstuðull, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða sem veiddust á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2009.


Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**				0,98	0,07	4	1,04	0,09	12	1,10	0,09	9			
2002	0,49	0,06	3	0,95	0,22	25				1,03	0,19	6	1,08	0,16	2
2003**	1,11	0,13	49	1,11	0,09	23	1,07	0,05	14	1,10	0,07	18	1,17*	0,11	12
2004	1,12	0,15	36	1,18	0,09	28	1,17	0,10	10				1,25		1
2005**	0,99	0,14	169	1,05	0,08	112	1,17	0,14	25	1,16		1			
2006***	0,96	0,20	8	1,08	0,13	258	1,09	0,11	39	1,17	0,07	6			
2007	1,08	0,11	54	1,09	0,08	70	1,08	0,07	85	1,15	0,09	14			
2008	1,06	0,12	322	1,08	0,06	109	1,11	0,06	29	1,13	0,08	42	1,40		1
2009	0,97	0,12	80	1,06	0,08	280	1,08	0,07	20	1,17	0,07	6			

** Aðeins var hluti seiðanna vigtaður árin 2001, 2003 og 2005 en meðalþyngd og ástandsstuðlar eru aðeins reiknaðir út frá vigtuðum seiðum.




*** 2006 voru fá vörgömul seiði einstaklingsvigtuð og aðeins reiknaðir út ástandsstuðlar fyrir þau.

Tafla 17: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2009.




Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	
2001		0,1	1,5	4,8			6,4
2002		1,7		2,3	1,7		5,7
2003	12,8	11,0	10,3	1,5		23,6	59,2
2004	1,3	5,6	3,3		1,1		11,3
2005	1,7	14,9	11,3	0,9			28,8
2006	0,6	17,4	9,2	2,5			29,7
2007	1,7	10,6	36,2	13,4			61,9
2008	13,0	17,2	11,7	39,1	1,3		82,4
2009	1,9	49,7	9,6	4,3			65,5






Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Skefilsstaðahreppi






Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2009.






Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2009.




Mynd 2c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá og Grímsá í Skefilsstaðahr. haustið 2009.



Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2009.



Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2009.



Veidimálastofnun

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími 580-6300 Símbref 580-6301

www.veidimal.is veidimalastofnun@veidimal.is



Ásgarður, Hvanneyri
311 Borgarnes



Brekkugata 2
530 Hvammstangi



Sæmundargata 1
550 Sauðárkrúkur



Austurvegur 3-5
800 Selfoss